

26 EES-mál afgreidd í þinginu

● 20% stjórnarfrumvarpa tengd EES

Af 131 stjórnarfrumvarpi sem samþykkt var á nýliðnu þingi hafa 26 tengsl við EES-samninginn. Það eru rétt tæplega 20% stjórnarfrumvarpa á 151. þingi Alþingis.

Flest þessara mála fóru um Efnahags- og viðskiptanefnd og varða regluverk á fjármálamarkaði.

Þau stjórnarfrumvörp, sem voru afgreidd sem lög og tengdust EES-samningnum voru eftirfarandi:

Merkingar og upplýsingaskylda varðandi vöru sem tengist orkunotkun. Viðskiptaleyndarmál. Lækn-ingatæki. Ráðstafanir gegn óréttmætri takmörkun á netumferð o.fl. Höfundalög. Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi. Fjárhagslegar viðmiðanir. Hollustuhættir og mengunarvarnir o.fl. Reglubundin og viðvarandi upplýsingaskylda útgefenda verðbréfa og flöggunarskylda. Breyting á ýmsum lögum er varða úrskurðaraðila á sviði neytendamála (einföldun úrskurðarnefnda). Sjúklingatrygging. Ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur. Póstþjónusta og Byggðastofnun (flutningur póstmála). Loftslagsmál (leiðrétting o.fl.). Skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja (forgangsröð krafna við skila- og



Morgunblaðið/Eggert

Alþingi Fimmtungur afgreiddra stjórnarfrumvarpa tengdist EES.

slitameðferð). Greiðsluþjónusta. Aðgerðir gegn markaðssvikum. Breyting á lögum um einkaleyfi. Markaðir fyrir fjármálagerninga. Lykilupplýsingaskjöl vegna tiltekinnna fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta. Fjármálafyrirtæki (innleiðing evrópskra gerða og endurbótaáætlanir). Afleiðuviðskipti, miðlægir mótaðilar og afleiðuviðskiptaskrár (dregið úr reglubyrði). Breyting á ýmsum lögum á váttryggingamarkaði og bankamarkaði. Verðbréfasjóðir. Hollustuhættir og mengunarvarnir o.fl. Umhverfismat framkvæmda og áætlaða.



Morgunblaðið/áij

Brosað fyrir framan Dynjanda

Fossinn Dynjandi í Arnarfirði hefur mikið aðdráttarafl fyrir þá ferðamenn sem leið eiga um Vestfirði. Í gær voru nokkrir ferðamenn á göngu við fossinn og að

sjálfsögðu smelltu flestir sér í myndatöku. Fossinn, sem rennur niður af Dynjandisheiði, er 100 metra há en rúm 40 ár eru liðin síðan hann var friðlýstur.

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. júlí 2021, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. júlí 2021 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 15. júlí 2021, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendi framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skatttránsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, ofgreiðslu stuðnings úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 25.000 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.500 kr. auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verð út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. júlí 2021

Ríkisskattstjóri
Sýslumaðurinn á Vesturlandi
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

Sýslumaðurinn á Austurlandi
Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum

Vígahnötturinn sprakk skammt frá Þingvöllum

● Talinn hafa verið 7 metrar í þvermál

Ragnhildur Þrastardóttir
ragnhildur@mbl.is

Vígahnötturinn sem sprakk yfir Íslandi í byrjun júlí með tilheyrandi drunum á Suðurlandi var líklega sjö metrar að þvermáli og sprakk um það bil 15 kílómetrum norðaustur af Þingvöllum, skammt norður af Hrafnabjörgum í um 37 kílómetra hæð. Vígahnöttur af þessari stærð eru sjaldséð fyrirbrigði hérlandis en endurkomutími þeirra til Íslands er mörg þúsund ár.

Hjalti Sigurjónsson, jarðeðlisfræðingur hjá ráðgjafafyrirtækinu Vatnaskilum, reiknaði út staðsetninguna með hjálp gagna úr skjálftamælum frá Veðurstofu Íslands. Hann komst að því að líklega hefði loftsteinninn sprungið um klukkan 22.42 þann 2. júlí.

Óvenjustór hnöttur

Ýmsar tilgátur fóru af stað þegar fólk fann fyrir drunum á Suðurlandi en var loks líklegasta tilgáttan talin sú að loftsteinn, svokallaður vígahnöttur, hefði sprungið yfir Íslandi og framkallað drunurnar.

- Er alveg á hreinu að um vígahnött var að ræða?

„Já, ég held að það sé engin spurning. Það eru líka sjónarvottar sem sáu ljósrák á himni þegar sprengingin varð,“ segir Hjalti.

Aðspurður segir hann um óvenjustóran vígahnött að ræða.

„Steinn sem er sjö metrar í þvermál er með nokkurra ára endurkomutíma á jörðina og mörg þúsund ára endurkomutíma á Ísland.“

Litlar líkur á að finna brot úr vígahnöttinum

Þrátt fyrir að loftsteinninn hafi verið óvenjustór hafa líklega ein-



ungis smá brot úr honum komist til jarðar. Reikningar Hjalta gera fólki það auðveldara að áætla hvar væri hægt að hefja leit að brotunum þótt líkurnar á að finna slík brot séu takmarkaðar.

- Hvernig gast þú reiknað út hvar steinninn sprakk?

„Ég nota mynd sem Veðurstofan gaf út og sýnir komutíma á 25 jarðskjálftamælum og hnita upp býsna nákvæmlega komutímanna á bylgjunni eins og þeir birtast á þessum mismunandi mælum. Þegar það var komið var hægt að reikna hversu lengi hljóðbylgjan væri að berast frá mögulegum upptakapunkti á hvern og einn mæli og bera saman við mælinguna. Svo er notuð aðhvarfsgreining til þess að finna þann stað sem nálgar best komutímanna, þ.e. reikna gildi á komutíma sem passar við mælingu á hverjum stað,“ segir Hjalti og bætir við:

„Þessi tilgáta, að steinninn hafi sprungið á þessum stað, skýrir eiginlega fullkomlega þessa mældu komutíma svo það er vöðalega erfitt að sjá fyrir sér að þetta hafi orðið með einhverjum öðrum hætti.“